

Ed.

355. Nefndarálit

[33. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Á því leikur enginn efi, að áfengismálin eru einhver mestu vandamál þjóðfélags okkar á þessum tímum. Það torveldar ekki lítið lausn þeirra mála, að þar þykjast allir vera sérfræðingar og því hver höndin upp á móti annarri.

Þrátt fyrir hinn mikla gróða, sem ríkið hefur af áfengissölu, hefur ekki tekizt að koma upp hælum fyrir áfengissjúklinga, og er þó áfengissýki sá eini sjúkdómur á landinu, sem vitað er um, að ríkissjóður hafi gert sér beinlínis að gróðalind.

Frv. það, sem hér er til meðferðar, er samið af millipinganefnd, sem skipuð var í því skyni. Það ber þess augljós merki, að fjöldi ákvæða þess eru samkomulagsatriði, sem nefndarmennirnir hafa sætt sig við án þess að vera ánægðir með þau. Verður aldrei komizt hjá slíku í máli sem þessu.

Allsherjarnefnd Ed. hefur klofnað í málinu. Þrír nefndarmenn vilja láta nýja endurskoðun fara fram á gildandi lagaákvæðum og frumvarpinu. Ég og hv. 1. þm. N-M. höfum ekki trú á, að hún leiði til bóta. Við viljum því láta málið ganga fram á þessu þingi, því að við teljum, að í frv. felist bót frá því ófremdarástandi, sem nú ríkir að lögum. Báðir óskum við eftir nokkrum breytingum á frv., sem eru þó svo mismunandi, að við höfum kosið að semja sinn hvort nefndarálit.

Ég hefði óskað að koma fram með fleiri brtt. við frv. en ég geri og áskil mér rétt til að gera það síðar eða fylgja brtt. annarra hv. þm., sérstaklega ýmsum af brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 111.

Ég ber því aðeins fram brtt. við 7. og 12. gr. frv.

Í sambandi við 7. gr. frv. legg ég til, að bruggun og sala áfengs öls verði strax leyfð í landinu.

Menn geta rifizt um það endalaust og fært fram rök með og móti því, hvort það muni auka drykkjuskap í landinu eða ekki. Ég er sannfærður um, að sala áfengs öls muni draga úr neyztu hættulegra áfengis, er hún hefur verið leyfð skamma

stund, ef verði þess verður stillt í hóf. Um þetta getur þó enginn sagt neitt fyrir fram með neinni vissu.

Ég legg því til, að bruggun og sala áfengs öls verði strax leyfð til reynslu. Hins vegar tel ég sanngjarnt, að eftir 2½ ár verði látin fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um, hvort haldið skuli áfram á þeirri braut eða ekki. Þá ætti að vera fengin nokkur reynsla um það, hvernig þetta fyrirkomulag verkar, og ættu þá kjósendur að geta greitt atkvæði um það af nokkurri þekkingu. Eina hættan á, að þetta fyrirkomulag verki ekki til bóta, er að mínu áliti sú, að áfenga ölið verði selt svo dýru verði, til þess að rýra ekki áfengistekjur ríkissjóðs, að það dragi ekki af þeirri ástæðu nægilega úr sölu sterkari og hættulegri áfengisdrykkja. Af þessu leiðir, að ég legg til, að niður falli ákvæði 3. málsg. 7. gr. um tolla o. fl. Um það atriði verður þingið að setja sérstök lög og gæta þess þá að stilla svo í hóf framleiðslutolli öls, að hann útiloki ekki útflutning eða verði þess valdandi, að varnarliðið kjósi frekar að flytja erlent öl inn í landið vegna dýrleika hins íslenska öls.

Við 12. gr. frv. ber ég fram þrjár breytingartillögur. Ég legg til, að Samband matreiðslu- og framreiðslumanna fái íhlutunarrétt um, hvaða veitingahúsum skuli veitt vínveitingaleyfi.

Önnur brtt. er sú, að felld verði niður úr 6. málsg. 12. gr. heimildin til þess að ákveða, að dans megi ekki fara fram í salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt. Reynslan á Hótel Borg hefur sýnt, að menn verða síður drukknir, þegar dansað er. Tilraun var gerð þar með að hafa salina opna ákveðin kvöld, án þess að dansað væri, en í stað þess leikin klassísk hljómlist. Þessari tilraun var hætt vegna þess, að meira bar á drykkjuskap þau kvöld en þegar dansað var.

Þriðja brtt. mín við 12. gr. er um það, að felldur verði niður c-liður 1. málsg., þess efnis, að eigi sé greitt þjónustugjald af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Þetta ákvæði brýtur algerlega í bága við megin stefnu þá, sem kemur víða fram í frv., sem sé að gera áfengið sem dýrast til að draga úr neyzlu þess. Hér er algerlega að óþörfu verið að lækka verðið á áfengi, og hlýtur það óhjákvæmilega að hafa í för með sér stórkostlega verðhækkun á mat og öðrum vörum og þjónustu, sem veitingahúsin láta í té, því að hagur veitingamanna mun alls ekki leyfa það, að þeir taki á sig stóran hluta af kaupum framreiðslumanna, sem greiddur hefur verið hingað til með þjónustugjaldi af áfengum drykkjum.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
 - a. 2. másl. 2. málsg. orðist svo: Tveim og hálfu ári eftir að sala áfengs öls hefst, skal ríkisstjórnin bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu, hvort halda skuli áfram að selja áfengt öl, og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum.
 - b. 3. málsg. hljóði svo:

Með sérstökum lögum skulu sett ákvæði um framleiðslutoll áfengs öls og um endurgreiðslu tolls af öli, sem flutt er út eða selt hinu erlenda varnarliði. Nánari ákvæði um sölumæðferð áfengs öls skulu sett með reglugerð.
2. Við 12. gr.
 - a. Á eftir orðunum „stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda“ í b-lið 1. málsg. komi: og Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna.
 - b. Stafliður c í sömu málsg. falli niður.
 - c. Orðin „svo og ákveða . . . þar sem vín er veitt“ í 6. málsg. falli niður.

Alþingi, 2. des. 1952.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.